

ÖLGERÐIN
AF **ÁBYRGÐ**

Ölgerðin markar sér stefnu í samfélagsábyrgð

Ölgerðin hefur frá upphafi sýnt ábyrgð gagnvart samfélaginu.

Áður var rekstur Ölgerðarinnar einfaldari og voru því samfélagsverkefni í takt við það, styrkir til íþróttafélaga og íþróttaviðburða, góðgerðasamtaka og fleira.

Í dag er Ölgerðin mun stærri og daglegur rekstur þess fjölbreyttari og snertifletir við samfélagið fleiri. Af þeirri ástæðu hefur verið unnið markvisst á undanförunum tveimur árum að marka félaginu skýra stefnu í samfélagsábyrgð.

Í þeirri vinnu varð ljóst að mikilvægustu snertifletirnir í starfsemi Ölgerðarinnar eru við samfélagið, umhverfið, markaðinn og fyrirtækið.

Breiður hópur starfsfólks skilgreindi fjölda mælanlegra markmiða og í tilefni af 100 ára afmælisári var ákveðið að fara í 100 verkefni sem tengjast samfélagsábyrgð.


Nú hafa þau 100 verkefni verið valin og mun upphaf þeirra mynda grunnlínu í samfélagsábyrgð fyrirtækisins og í framtíðinni munum við kapp-kosta við að bæta okkur í þeim atriðum. Hvort sem það er í notkun hráefna og auðlinda, endurvinnslu, orkusparnaði, upplýsingum til viðskiptavina og neytenda, fækkum eknum km í dreifingu ásamt þeim fjölmörgu atriðum sem sýna að við störfum í íslensku samfélagi af ábyrgð.

**Breiður hópur starfsmanna hefur skilgreint 100 samfélagsverkefni
sem mynda grunnlínu í samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar**

Umhverfið 38%



Markaðurinn 26%



Fyrirtækið 19%



Samfélagið 17%



Skipting verkefna eftir flokkum er í takt við kröfur markaðarins, þar vegur umhverfið þyngst

Ölgerðin mun árlega gefa út skýrslu um framvindu þessara verkefna.

Ölgerðin hefur gengið til liðs við Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð. Þar getum við sótt dýrmæta þekkingu og lært hvert af öðru í samfélagi sem ábyrg íslensk fyrirtæki mynda.

Ölgerðin hefur sótt um aðild að Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna. Með því tileinkum við okkur tíu viðmið um samfélagsábyrgð fyrirtækja og skilum árlega inn skýrslu um hvernig tekst að uppfylla viðmiðin. Alls taka 4700 fyrirtæki þátt í verkefninu um allan heim, þar af 400 á Norðurlöndunum.



F E S T A

Samfélagsábyrgð
fyrirtækja

Umhverfið



Stór hluti verkefnanna eru þegar í framkvæmd, til dæmis teljum við að Ölgerðin sé með eitt umhverfisvænasta brugghús í heimi. Í raun er ferlið lokaður hringur. Allt hrat sem fellur til við suðu á malti og byggi er notað í svínafóður. Heitt vatn sem fellur til við suðu á bjórnum er notað til að bræða snjó af bílplani og loks er kolsýran sem myndast við gerjum bjórsins, sem annars myndi fara í andrúmsloftið, nýtt í gosframleiðslu.

Síðastliðin ár höfum við kappkostað að fækka eknum kílómetrum í vörudreifingu og það skilaði sér heldur betur því milli 2011 og 2012 náði vörustýringarteymi okkar að fækka þeim um 40 þúsund kílómetra þrátt fyrir aukningu í sölu.

Verkefni sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Flokkun sorps
 - Orkunotkun
 - Vatnsnotkun í framleiðslu
 - Endurvinnanlegar umbúðir
 - Nýting kolsýru
 - Endurnýta hrat
 - Varmanýting
 - Fækka kílómetrum
 - Minnka útblástur
-

Markaðurinn



Sem dæmi um verkefni sem tengjast markaðnum má nefna að við munum áfram auka úrvalið af hollari vörum. Bæta enn innihaldslýsingar og merkingar á vörum, bjóða uppá minni einingar og framfylgja skýrri stefnu um auglýsingar gagnvart börnum.

Verkefni sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Enn betri innihaldslýsingar
 - Góðir stjórnarhættir
 - Fjölga skammtastærðum
 - Auka úrval af hollari vörum
 - Fræðsla á heimasíðu
 - CSR ábyrgð birgja
 - Fræða endursöluaðila
-

Samfélagið



Ölgerðin mun halda áfram að styðja við samfélagið með styrkjum til íþróttafélaga og menningarviðburða en í þeim flokki munum við fara af stað með nýtt verkefni sem er samstarfsverkefni allra starfsmanna Ölgerðarinnar en það verður kynnt betur síðar.

Verkefni sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Ábyrg neysla áfengis
 - Hreyfing barna og ungmenna
 - Styðjum við íþróttafélög
 - Stuðningur við menningarviðburði
-

Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Að lokum er það svo þau verkefni sem snúa að fyrirtækinu sjálfu, þar má nefna að við höfum sótt um að vera í hópi fyrstu fyrirtækja á Íslandi til úttektar á jafnlaunavottun, sem er fagleg úttekt á því hvort innan þeirra veggja þeirra séu greidd mishá laun fyrir jafnverðmæt störf. Vottunin felur í sér ítarlega úttekt á launum starfsfólks og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna.

Verkefni sem falla undir þennan flokk eru meðal annars:

- Fræðsla og þróun starfsfólks
 - Mælingar á starfsánægju
 - Jafnréttismál
 - Þátttaka starfsfólks í samfélagslegum verkefnum og sjálfbærliðastarfi
 - Heilsufar starfsfólks
 - Hjólað í vinnuna og fleiri atburðir
 - Jafnlaunastefna samkvæmt VR.
-



Það gefur augaleið að verkefnið er stórt í viðamiklu framleiðslu-fyrirtæki eins og Ölgerðinni, við höfum eins og áður kom fram fengið starfsmenn til að móta verkefnið og erum öll áhugasöm að flétta verkefnin við daglegan rekstur fyrirtækisins.